

Viðbragðsáætlun

Vart verður hjá því komist að fólk sem vinnur í skólum og öðrum stofnunum geti lent í erfiðri lífeynslu eða atburðum sem verða til þess að fólk fái áfall. Því þarf að bregast við með markvissum hætti og reyna að koma í veg fyrir varanleg eftirköst eða skaða. Til þess að skólar geti brugðist við fyrirvaralaust og tekið á erfiðum málum þarf að vera til áfallaáætlun þar sem kemur fram hverjir eiga að bregast við óvæntum áföllum og hvernig. Af þessum ástæðum hefur Ungbarnaleikskólinn Krílasel sett fram eftirfarandi áfallaáætlun.

Með áföllum er átt við

- Dauðsföll
- Alvarleg veikindi
- Slys og afleiðingar þess
- Ýmsar félagslegar aðstæður sem leiða til aukins álags á heimili barns s.s. skilnaður, flutningar, vímuefni, atvinnuleysi og misnotkun.
- Ofbeldi sem starfsfólk og nemendur geta orðið fyrir í starfi.

Vinnuferill vegna áfalla eða slysa í leikskólanum

1. Veita fyrstu hjálp á staðnum sem við á hvert sinn. Sá starfsmaður er kemur fyrst á vettvang sinnir fyrstu hjálp, kallar á aðstoð og sér um að hringt sé í **112 ef þurfa þykir. (hver hringir, hvar við erum, hvað kom fyrir og fyrir hvern)**
2. Láta leikskólastjóra vita, ef hann er ekki á staðnum þá aðstoðarleikskólastjóra og næst deildarstjóra.
3. Í sameiningu sjá þeir um :
 - a. Að þeim slasaða sé sinnt.
 - b. Honum sé fylgt næstu skref.
 - c. Aðrir starfsmenn sjá um að börn séu færð í annað rými og reynt að koma á ró.
 - d. Kalla á viðeigandi hjálp, ef ekki hefur verið metið að það þyrfti í byrjun að hringja í **112**

4. Leikskólastjóri/deildarstjóri láta foreldra/forráðamenn viðkomandi nemanda vita.
5. Ef ekki þarf að senda sjúkrabíl þá þarf að fara með barnið á næstu heilsugæslu. Neyðarlínan sér um að skrá viðkomandi inn í kerfið og sendir skilaboð á viðkomandi heilbrigðisstofnun áður en hinn slasaði kemur.
6. Skólastjórnendur virkja áfallateymi ef með þarf.
7. Starfsfólk, foreldrar og nemendur leikskólans, eru upplýst um málið og áfallaáætlun tekur gildi ef um frekari aðgerðir er að ræða. Auk þess er bæjarstjóra tilkynnt um alla alvarlegri atburði.
8. Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum skal benda á leikskólastjóra eða staðgengil hans.

Það sem þarf að fara reglulega yfir er :

- Hvaða börn eru með sjúkdóma
- Hvaða börn eru með ofnæmi
- Hvaða börn hafa fengið hitakrampa
- Hvaða börn eru með lyf við sínum veikindum og hvar eru þau geymd ?

Í flestum tilfellum eru lyf geymd í skáp fyrir ofan vask á deild viðkomandi barns. Mikilvægt að allir starfsmenn kynni sér þetta vel.

Farið skal yfir þetta á sameiginlegum fundum t.d. starfsmannafundum og fundum á starfsdögum leikskólans.

Börn fá sérfæði í leikskólanum í samstarfi við foreldra ef um óþol eða ofnæmi er að ræða. **Óheimilt er að vera með hnetur í leikskólanum.**

Annað hvert ár taka allir starfsmenn leikskólans þátt í **skyndihjálparnámskeiði**.

Einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundið áreiti og ofbeldi á vinnustöðum.

Viðbragsáætlun þarf einnig að ná yfir aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Þar þarf að koma fram hvernig vinnufyrirkomulagi málsaðila verði háttað á meðan málsmeðferð stendur og hvernig brugðist verði við á vinnustað svo að óviðeigandi hegðun endurtaki sig ekki. Skrá þarf allt niður sem tengist meðferð málsins og halda hlutaðeigandi aðilum upplýstum um gang mála að teknu tilliti til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Gefa þarf aðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og upplýsa með skýrum hætti þegar atvinnurekandinn lítur svo á að málinu sé lokið af hans hálfu. Huga þarf að því að veita þolendum og gerendum viðeigandi leiðsögn og eftir atvikum stuðning.

Dæmi um birtingarmyndir.

Einelti: Ítrekuð ómálefnaleg gagnrýni, niðurlæging, baktal eða sögusagnir, meðvituð útilokun, þöggun, upplýsingum vísvitandi haldið frá aðila, skemmdarverk, verkefni óvænt tekin frá starfsmanni, skyndileg, óþægileg tilfærsla í starfi, óraunhæft eftirlit og skortur á umburðarlyndi gagnvart sérstöðu einstaklinga.

Kynferðisleg áreitni: dónalegir brandarar, kynferðislegar athugasemdir, augnagotur eða gláp, óviðeigandi snerting eða myndataka, óviðeigandi athugasemdir um kynferðisleg málefni og útlit, óvelkomin beiðni um kynferðislegt samband, óvelkomin samskipti á samfélagsmiðlum og klámfengin dagatöl eða myndir.

Ofbeldi: Líkamlegt ofbeldi; árásir, slagsmál, spörk, bit o.fl. Andlegt ofbeldi; hótanir, áreitni, valdníðsla, skipulögð niðurlæging o.fl.

Kynbundin áreitni: Óviðeigandi talsmáti eða framkoma sem tengist kyni og kynhneigð fólks. Niðurlæging til dæmis vegna aldurs, trúarbragða eða þjóðernis.

Áfallateymi

Hlutverk áfallateymis er að undirbúa viðbrögð við áföllum, einelti eða kynferðislegri áreytni, kynbundnu áreyti sem tengjast nemendum eða starfsfólki svo sem dauðsföllum í fjölskyldu, alvarlegum veikindum, slysum á skólatíma, einelti, kynferðislegri áreytni, kynbundnu áreyti og afleiðingum náttúruhamfara.

Í tilfelli þess að áfall verður í leikskólanum sem tengist starfsmanni eða leikskólabarni með beinum hætti er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra eða staðgengils hans. Sama gildir ef málið snýst um einelti eða kynferðislegt áreytni, kynbundið áreyti. Leikskólastjóri metur hvort kalla skuli út áfallateymi sem skipuleggur með hvaða hætti skuli bregðast við og stjórnar aðgerðum.

Áfallateymið sér einnig um:

- upplýsingaflæði til allra innan skólans sem tengjast nemandanum.
- stuðning við kennara.
- að fylgjast með að nemandinn fái allan þann stuðning sem mögulegt er að veita innan skólans, eins lengi og hann þarfnast.
- aðgengilegt fræðsluefni fyrir kennara og starfsmenn um viðbrögð við áföllum og alvarlegum veikindum.

Áfallateymi starfar í algjörum trúnaði við skjólstæðinga sína og lætur ekki neinar upplýsingar frá sér nema í fullu samráði við viðkomandi aðila

Í áfallateymi Krílasels er Susana R Gunnþórsson leikskólastjóri, Hallgrímur Þ Gunnþórsson BA félagsráðgjöf, Sigurður M Hannesson og Steinunn Anna Baldvinsdóttir prestar í Seljakirkju. Einnig er kallaður til sá sem næstur stendur málinu hverju sinni.

